
Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Sprettis 2015



Efnisyfirlit

Samantekt	3
Dagskrá Æskulýðsnefndar 2015	3
Spila- og pizzakvöld	4
Vetrarleikar/mót	4
Námskeiðahald	5
Polla- og barnanámskeið	5
Keppisnámskeið	6
Knapamerki	6
Sirkusnámskeið	7
Nýliðun	7
Hestadagar, hópreið hestamanna um miðbæ Reykjavíkur	9
Æskan og hesturinn	10
Páskabingó	10
Þrauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi)	10
Sprettsfjör	11
Æskulýðsmót Spretts 1. maí	11
Lokaorð	12

Samantekt

Æskulýðsnefnd Spretts fór af stað með þriðja starfsár sitt og hófst starfið með hefðbundnum hætti. Að vanda var lögð áhersla á að vera með viðburði sem henta öllum aldurhópum æskunnar og áhugasviði. Bæði fyrir þau sem hafa áhuga á keppni og einnig fyrir þau sem ríða út sér til skemmtunar.

Dagskrá vetrarins var metnaðarfull og var nóg um að vera. Námskeiðin voru mjög fjölbreytt og voru vel sótt.

Æskulýðsnefnd Spretts skipuðu árið 2015:

Arnhildur Halldórsdóttir

Guðrún Jónsdóttir

Sigrún Valþórsdóttir

Guðrún Einarsdóttir

Jón Bragi Bergmann

Dagskrá Æskulýðsnefndar 2015

19. jan. Knapamerkjanámskeið hefst

19. jan. Hestamennska II

20. jan. Spila-og pizzakvöld

21. jan Hestamennska fyrir alla

22. jan Unglinganámskeið

24. jan Sirkusnámskeið

25. jan Almennt krakkanámskeið

25. jan Pollanámskeið og Krakkanámskeið (byrjendur)

6. feb. Trek námskeið – þrautabrautarkeppni

9. feb. Æfingar fyrir „Æskan og hesturinn“ hefst

3.-9. mars. Keppnisnámskeið fyrir börn, unglinga og ungmenni

15. mars Sýningin „Æskan og hesturinn“

31. mars Páskabingó

18. apríl. Þrauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi)

23. apríl Sprettsfjör (keppni í fíflagangi fyrir alla fjölskylduna)

1. maí. Æskulýðsmót Spretts

28.sept. Beislisgerð

5. okt. Hestamennska I

14. okt. Hestamennska III

2. nóv. Heimsókn í Fákasel

27. des. Jólaball Spretts

Spila- og pizzakvöld



Fyrsta verkefni æskulýðsnefndarinnar var að halda spila og pizzakvöldi 20.janúar. Góð mæting var og skemmtilegt kvöld sem krakkarnir áttu saman. Æskulýðsnefndin kynnti dagskrá sína og fékk fleiri góðar hugmyndir fyrir vetrarstarfið. Krakkarnir komu mörg hver með spil með sér að heiman og myndaðist skemmtileg stemmning þegar setið var og spilað, spjallað, borðað pizzur og hlegið.

Mynd 1 – Mikil gleði og glaumur á spila- og pizzakvöldi

Vetrarleikar/mót

Haldnir voru þrír vetrarleikar og var þátttaka æskunnar glæsileg. Vetrarleikarnir eru mótaröð og talið til stiga fyrir hvert mót og svo sameiginlegir meistarar verðlaunaðir í lokin. Pollarnir og börnin kepptu ávallt inn í Spretthöllinni en unglingar og ungmenni úti á velli þegar veður og færð leyfðu. Ákveðið var að skipta pollaflokknum í tvennt, pollar sem eru teymdir og pollar sem ríða sjálfir. Allir þeir pollar sem tóku þátt hlutu þátttökuverðlaun, þ.e. ekki var raðað í sæti.



Mynd 2 – T.v. Keppandi í Pollaflokki með þátttökuverðlaunin sín. Mynd 3 – T.h. Keppendur í unglingaflokki á þriðju vetrarleikum Spretts.

Námskeiðahald

Fræðslunefnd Spretts stóð fyrir frábæru vali glæsilegra námskeiða fyrir börn, unglinga og ungmenni. Eftirfarandi námskeið voru í boði:

Polla og barnanámskeið fyrir yngstu börnin 4-6 ára

Hestamennska I, II, III og IIII fyrir börn á aldrinum 6-13 ára

Knapamerki 1-5 fyrir 12 ára og eldri

Keppnisnámskeið 10 ára og eldri

Sirkusnámskeið fyrir alla

Trek námskeið fyrir alla

Unglinganámskeið - Ungir Sprettarar fyrir 12-18 ára

Paratímar þar sem foreldrar og börn gátu nýtt sér að mæta saman í reiðtíma.

Reiðkennararnir Þórdís Anna Gylfadóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Ragnheiður Samúelsdóttir, Róbert Pedersen, Súsanna Sand, Ævar Örn Guðjónsson og Þorvaldur Árni Þorvaldsson sáu um kennsluna s.l. vetur. Erla Guðný Gylfadóttir tamningamaður og keppnisknapi kom einnig að kennslu fyrir félagið.

Polla- og barnanámskeið

Polla- og barnanámskeið voru ætluð yngsta aldurshóp hestamennskunnar. Boðið var upp á námskeið í janúar og aftur í mars. Þórdís Anna Gylfadóttir sá um kennsluna.

Þátttaka var mjög góð. Á þessum námskeiðum var lögð áhersla á algjör grunnatriði og fór kennslan að mestu fram í gegnum leiki.



Mynd 4 – Pollarnir þakka hestum sínum fyrir í lok tímans og knúsa þá. Foreldrnir fylgjast áhugasamir með.

Keppnisnámskeið

Var haldið fyrir börn, unglinga og ungmenni í Spretti og var því ætlað að styðja við bakið á þeim sem vildu styrkja stöðu sína á því sviði og undirbúa sig og hesta sína fyrir keppnir.

Námskeiðið hófst í byrjun mars og fór fram í glæsilegri reiðhöll Sprettara.

Þar sem fyrirkomulag þessara námskeiða í fyrra þótti takast mjög vel var ákveðið að hafa það eins í ár. Byrjað var með að kenna í þriggja manna hópum en síðan var farið að kenna einstaklingstíma og fékk hver þátttakandi þá 20 mín einu sinni til tvisvar sinnum í viku. Kennarar fylgdu þeim sem þess óskuðu á Líflandsmótið, Reykjavíkurmestaramóti og Æskulýðsmót Sprettis og voru þeim til aðstoðar.

Reiðkennarinn Ragnheiður Samúelsdóttir og keppnisknapinn Erla Guðný Gylfadóttir sáu um kennsluna.

Knapamerki

Boðið var upp á kennslu í knapamerkjunum vinsælu í vetur. Bóklegu tímarnir hófust í nóvember og stóðu fram til miðs desember. Í byrjun janúar var svo farið af stað með verklegu tímana í reiðhöllinni.

Reiðkennararnir Þórdís Anna Gylfadóttir og Ragnhildur Samúelsdóttir sáu um kennsluna.

Sirkusnámskeið



Mynd 5 – Hafþór Birgisson einbeittur á Sirkusnámskeiði.

Haldið var svokallað Sirkusnámskeið með reiðkennaranum Ragnheiði Þorvaldsdóttur. Námskeiðið gengur út á það að krakkarnir kenna hrossum sínum allskonar kúnstir og leika sér við hrossin. Einnig eru ýmsar jafnvægisæfingar kenndar og farið er í hindrunarstökk. Námskeiðið var vel sótt og skemmtu krakkarnir sér vel.

Nýliðun

Hestamennska I

Meðal þess sem hestamannafélagið Sprettur býður uppá til þess að auka nýliðun ungra hestamanna er námskeiðið Hestamennska I. Þessi nýliðunarnámskeið hófu göngu sína haustið 2014. Það er kennt að haust til, frá september fram í nóvember. Þar gefst ungum og upprennandi hestamönnum, sem mörg hver eiga ekki hest né hafa aðgang að hestum, tækifæri til þess að komast í kynni við hross. Þeim er útvegað hross og allur búnaður. Námskeiðið er 8-10 skipt, bóklegt og verklegt, þar sem kennd eru undirstöðuatriðin í hestamennsku.

Með þessu fyrirkomulagi komast krakkarnir í kynni við hrossin og hafa kennarar aðstoðað þau við að halda áfram í íþróttinni. Mörg hver halda áfram að vetri á næsta námskeið sem ber heitið Hestamennska II. Reiðkennarar í Hestamennsku námskeiðunum eru tveir, þær Sigrún Sigurðardóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir.



Mynd 6: Nemendur læra m.a. að setja saman sitt eigið höfuðleður og skreyta það.

Hestamennska II

Sjálfstætt framhald af Hestamennsku I, þar sem byggt er á grunninum sem lærðist um haustið. Hér þurfa nemendur að mæta með sín eigin hross. Kennarar hafa aðstoðað nemendur við að útvega sér hross, ef þau hafa ekki verið til staðar. Hér er haldið áfram með undirstöðuatriðin í reiðmennsku, en eingöngu er kennt verklagt.



Mynd 7: Sigurvegarinn í „grímuprautabrautakeppninni“ í Hestamennsku II.

Hestamennska III

Haustið 2015 var í fyrsta sinn sem boðið var upp á Hestmennsku III, vegna mikillar aðsóknar og eftirspurnar um að halda áfram með hestatengd námskeið að hausti til. Hér eru nemendur með hesta sína að hluta til á húsi og hluti námskeiðsins er kenndur bóklega. Á þessu námskeiði er lögð áhersla á gangtegundir, gangskiptingar og munsturreið.

Hestamennska IV

Námskeiðið verður kennt veturinn 2016. Lögð verður áhersla á að kenna undirstöðuatriðin í fimíæfingum, fyrstu skref í Trek þjálfun sem er útfærð með þrautabraut, gangtegundir, stökkþjálfun og undirbúningur fyrir keppni.

Hestadagar, hópreið hestamanna um miðbæ Reykjavíkur


Æskan var duglega að fjölmenna í hópreið hestmanna um miðbæ Reykjavíkur og þótti frábær fyrirmynd fyrir hönd Hestamannafélagsins Spretts.



Mynd 8 – Æskan á öllum stigum í hópreiðinni.

Æskan og hesturinn

Æfingar fyrir Æskuna og hestinn hófust í febrúar í nýju reiðhöllinni og fékk æskulýðsnefndin góðan liðstyrk frá Þórdísi Önnu Gylfadóttur reiðkennara sem útfærði atriðið og Jóni Ó. Guðmundssyni sem aðstoðaði æskulýðsnefndina við æfingar. Krakkar og foreldrar hittust einn sunnudag í félagsheimilinu og útbjuggu glæsilega búninga á sig og hestana sína. Atriðið var mjög vel heppnað og var það einnig notað á Dymbilvikusýningu Sprettis um páskana og á afmælishátíð Kópavogsbæjar.



Mynd 9 & 10 – Flottir krakkar úr Spretti á sýningunni Æskan & Hesturinn.

Páskabingó

Nokkrum dögum fyrir páska hélt Æskulýðsnefndin Páskabingó. Vinningar voru ekki af verri endanum og mörg fyrirtæki styrktu okkur og erum við þeim afar þakklát. Páskaegg í öllum stærðum og gerðum voru líka í vinning. Páskabingóið sló öll aðsóknarmet og fylltist veislusalur Sprettis sem tekur á bilinum 150-200 manns í sæti. Æskulýðsnefndin seldi pizzur og drykki á staðnum og gaman var að sjá eftirvæntinguna í andlitum barnanna sem biðu eftir því að geta sagt BINGÓ. Mjög vel heppnaður viðburður sem án efa verður endurtekinn.

Prauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi)

Vel heppnaður Prauta- og leikjadagur Sprettis fór fram á Föstudaginn langa þann 3. apríl. Frábær mæting frá ungu knöpunum okkar en alls voru 67 börn skráð til leiks. Mikil keppni var um besta tímann í brautinni og stóðu knapar og hestar sig með miklum sóma. Eftir þrautabrautina var grillað og allir knapar leystir út með páskaeggjum í tilefni af páskahátíðinni. Lína langsokkur mætti á svæðið og skemmti börnum og foreldrum. Frábær og vel heppnaður dagur í Spretti.



Mynd 11 – Myndarleg er æskan innan Hestamannafélagsins Spretts.

Sprettsfjör

Sprettarar tóku vel á móti sumrinu og stóð æskulýðsnefndin fyrir Sprettsfjöri (keppni í fíflangangi) á sumardaginn fyrsta, 23. apríl, þar sem ungir sem aldnir tóku þátt í ýmsum þrautum. Keppt var í hjólbörurallý, skeifukasti, kókosbollaruáti, pokahlaupi og fleiri greinum. Stuð og stemning var og allir gátu verið með, yngsti þátttakandinn 2 ára og sá elsti 70 ára. Allir voru sammála um að halda ætti þessa keppni árlega.

Æskulýðsmót Spretts 1. maí

1. maí var Æskulýðsmót Spretts haldið. Mótið er haldið í samhengi við keppnisnámskeið sem börnum, unglingum og ungmönnum í félaginu stendur til boða. Á þessu móti fá þátttakendur umsögn og ábendingar frá dómara fyrir hvern þátt sem þau sýna í keppni. Það er gott veganesti í undirbúningi fyrir Íslandsmótið sem haldið var á Sprettsvæðinu. Þátttakan á Æskulýðsmótinu var góð hjá ungu kynslóðinni. Mótið var haldið að þessu sinni í reiðhöll Spretts þar sem vellirnir voru ekki komnir í nægilega gott stand eftir erfiðan vetur. Aðstandendur sátu á bekkjunum og fylgdust með og að móti loknu var boðið uppá grillaðar pylsur og svala fyrir alla.

Þetta mót er lokahnykkur á námskeiðum vetrarins og er dýrmæt reynsla í keppnisbanka ungra knapa. Framundan var þátttaka á Íslandsmóti í hestaíþróttum sem haldið var að

Þessu sinni á Spretssvæðinu. Þangað stefndu Sprettarar með vaskan hóp af fulltrúum æskunnar sem stóðu sig alveg hreint frábærlega á mótinu.



Mynd 8 – Keppendur í pollaflokki á Æskulýðsmóti Spretts.

Lokaorð

Í heildina erum við í Æskulýðsnefnd Spretts virkilega ánægð með síðasta starfsár og við erum virkilega spennt á takast á við ný verkefni á frábæru félagssvæði Spretts sem býður upp á eina af bestu aðstöðum á landinu til að stunda hestamennsku.

Nú þegar er hafin mikil vinna bæði í námskeiðahaldi sem og almennu félagsstarfi til að tryggja að árið 2016 verði jafn öflugt eða öflugra en 2015.